

## TILKYNNING UM KEPPNI

### 1 **REGLUR**

Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í *Alþjóða kappsiglingareglum*, kappsiglingafyrirmælum SÍL og kappsiglingafyrirmælum mótsins.

### 2 **HLUTGENGI OG ÞÁTTTAKA**

2.1 Mótið er opið öllum kjölbátum.

2.2 Hlutgenga báta má skrá með því að senda tölvupóst á [jp.fridriksson@gmail.com](mailto:jp.fridriksson@gmail.com) fyrir 30. maí 2016. Í tölvupóstinum skal taka fram nafn báts, nafn skipstjóra, fjölda áhafnar meðlima, seglanúmer, forgjöf og félag sem keppt er fyrir.

### 3 **ÞÁTTTÖKUGJALD**

Ekkert þátttökugjald.

### 4 **TÍMAÁÆTLUN**

4.1 Skráning:

Skrá skal þátttöku fyrir 30. maí 2016.

4.2 Á keppnisdegi 4. júní 2016:

Afhending kappsiglingafyrirmæla frá kl. 12:30 – 13:00.

Skipstjórnarfundur í félagsheimili Brokeyjar á Ingólfsgarði kl. 13:00.

Viðvörðunarkerki kl. 13:55.

### 5 **MÆLINGAR**

Leggja skal fram gilt IRC-forgjafarskírteini fyrir hvern bát.

### 6 **SIGLINGAFYRIRMÆLI**

Siglingafyrirmælin verða veitt á skipstjórafundinum.

### 7 **KEPPNISSVÆÐI**

Keppt verður á sundunum við Reykjavík. Ef ræst er innan Reykjavíkurhafnar er eðlileg stefna beint út um hafnarkjafinn. Bátar skulu ekki lúffa (regla 11) eða beita kappsiglingareglum með öðrum hætti til að sigla í veg fyrir aðra eða neyða þá til stefnubreytingar að óþörfu heldur sigla beint út um hafnarkjafinn og gefa öðrum rúm til þess sama. Þegar aftasti hluti aftara báts, báta sem skarast, er kominn út fyrir hafnarkjafinn þá gilda kappsiglingareglurnar með eðlilegum hætti.

### 8 **BRAUT**

Brautin verður tilkynnt á skipstjórafundum.

### 9 **FJARSKIPTI**

Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma. Keppnisstjórn notar rás 6 til samskipta.

**Hátíð hafsins**  
Laugardaginn 4. júní 2016  
Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey  
Ingólfsgarði



**10 VERÐLAUN**

Veitt verða verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin.

**11 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR**

Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.

**12 TRYGGINGAR**

Hver bátur skal vera tryggður með gildri ábyrgðartryggingu.

**13 FREKARI UPPLÝSINGAR**

Frekari upplýsingar veitir [jp.fridriksson@gmail.com](mailto:jp.fridriksson@gmail.com), s: 694-2314.